



# Áherslur starfsins 2017-2018

Unnið út frá starfsáætlun Miðbergs  
Frístundaheimilið Bakkasel

## Inngangur

Frístundaheimilið Bakkasel er undir frístundamiðstöðinni Miðbergi og er staðsett í Arnarbakka 1-3 og er frístundaheimili fyrir börn í 1. - 4. bekk í Breiðholtsskóla. Það eru 102 börn skráð í heildina en ekki eru ekki öll alla daga, þar af eru 72 börn í 1-2. bekk og 30 í 3-4. bekk.

Unnið er eftir leiðarljósi SFS og þeim áherslum er birtast í starfsáætlun Miðbergs. Í vetur er lögð áhersla á lýðræði barna, lýðheilsu og foreldrasamstarf auk fastra verkefna og viðburða sem forstöðu og- aðstoðarforstöðumenn frístundaheimilanna leggja grunn að á hverju vori.

Opnunartími Bakkasels er daglega eftir skóla frá kl. 13:40 - 17:00. Að auki er opið frá klukkan 8:00 - 17:00 á starfsdögum skóla, foreldraviðtalsdögum ásamt jóla- og páskafríum. Í vetrarfríum grunnskólanna er lokað á frístundaheimilinu.

Bakkasel leitast við að vera með fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem er unnin í samvinnu við börnin og verkefnin aldursmiðuð svo að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin byggist á þematengdum verkefnum og smiðjum ásamt klúbbastarfi þar sem að börnin skrá sig í ákveðið tímabil en má þar t.d. nefna leiklistarklúbb og kvikmyndaklúbb. Starfið fer fram að mestu leiti í húsnæði Bakkasels, en við höfum ekki fengið tíma í íþróttahúsi, vegna mikillar notkunar ÍR eða tölvustofu, vegna endurbóta.

Bakkasel er, ásamt öðrum frístundaheimilum í Breiðholti, í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts um verkefnið Frístund+. Í Frístund+ eru börn sem þurfa aukna aðstoð vegna félagslegrar stöðu sinnar. Þau mæta í Frístund+ strax eftir skóla, borða saman, spjalla og jafnvel lesa og fara í leiki. Upp úr klukkan 15:00 fara þau svo í smiðjur og annað starf sem er í boði á frístundaheimilunum.

Frístundaheimilin eru einnig í samstarfi við ÍR vegna Breiðholtsrútunnar sem flytur börnin á æfingar um hverfið ásamt rekstri á frístundaheimilinu Undirheimum fyrir þau börn sem stunda æfingar í Austurbergi.

Vikulega er sendur út upplýsingapóstur til foreldra með dagskrá, matseðli og helstu upplýsingum auk þess sem foreldrar eru hvattir til að mæta á svæðið til þess að sjá hvað börnin eru að gera og fá upplýsingar frá fyrstu hendi. Einnig eru birtar myndir og upplýsingar á foreldra Facebooksíðu Bakkasels.



Í Bakkaseli eru 8 starfsmenn auk forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns, sex konur og tveir karlmenn. Starfsmenn eru á aldrinum 21 til 46 ára og þar af er einn með háskólamenntun, í sálfræði. Starfsfólk frístundaheimilanna í Breiðholti fá fræðslu einu sinni í mánuði og er það reiknað inn í starfshlutfall þeirra, ásamt starfsmannafundum aðra hvora viku. Fræðslur tengjast starfinu og fastir liðir á hverjum vetri eru greiningar barna, jólaföndursmiðjur, grunnfræðsla, barnavernd og virðing og framkoma við börn.

### Gildi Miðbergs:

1. Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
2. Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
3. Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
4. Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
5. Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
6. Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstaðinga.
7. Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.

### Áherslur úr starfsáætlun Miðbergs:

#### Lýðræði

Unnið verði markvisst með barnalýðræði og að börnin fái tækifæri til þess að hafa áhrif á daglegt starf frístundaheimilanna.

#### Lýðheilsa

Áhersla verði lögð á líkamlega jafnt sem andlega líðan barna í leik, starfi og hvíld. Öll verkefni miða að því að efla sjálfsmynd barnanna og læsi í gegnum leik og starf.

#### Foreldrasamstarf

Leitað verði leiða til þess að auka foreldrasamstarf svo að foreldri þekki og viti hvað fer fram á frístundaheimilinu og degi barnsins.

### Aðgerðadagatal:

#### Ágúst:

##### Foreldrasamstarf:

- Áhersla lögð á foreldra Facebook síður staðanna og vikulega tölvupósta. Í tölvupóstum skal minnt á að foreldrar geti óskað eftir samtölum eða hringt í forstöðumann til þess að ræða líðan barnsins.
- Sumarstarfi lýkur og frágangur í lok starfs – *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmaður*
- Vetrarstarf í undirbúningi. Loka frágangur á þemu vetrarstarfs, viðburðadagatal starfsstaða og fræðsludagatal starfsmanna – *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn*



## September:

### Lýðheilsa og foreldrasamstarf:

- Íþróttavika þar sem börnin fá kynningu á ýmsum íþróttagreinum og áhersla lögð á helbrigðan lífsstíl. Í lok vikunar er svo haustfagnaður þar sem foreldrum er boðið að koma, taka þátt í skemmtilegum íþróttakeppnum og þiggja léttar veitingar. – *Forstöðu- og aðstoðarmenn*
- Þema tengt starf þar sem unnið er með árstíðirnar og þar sem efniviður í föndur er sóttur í náttúruna og/eða endurvinnslu. Börnin læra muninn á árstíðum, gróðri og veðri og t.d. hvað hægt er að gera utandyra hverju sinni. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*
- Í síðdegishressingu einu sinni í viku/mánuði verði boðið upp framandi ávöxt eða grænmeti. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Lýðræði:

- Rætt við börnin mánaðarlega um dagskrá og hvað þau vilja hafa framundan í smiðjum, klúbbum og síðdegishressingu. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Annað:

- Nýjir sönghópar fyrir börnin þeim frístundaheimilum sem eru með 1. og 2. bekk í samstarfi við Deildarstjóra listfræðslu til eflingar tónlistarstarfs í Breiðholti. – *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn*

## Október:

### Lýðheilsa:

- Útinámsvika þar sem áhersla er lögð á allt það skemmtilega sem hægt er að gera utandyra svo sem leiki, föndur og útiöldun. Í lok vikunar er grillveisla og útiöldun þar sem 2-3 starfsstaðir koma saman og gera upp vikuna. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Foreldrasamstarf:

- Foreldrum boðið að koma í foreldraviðtal í kringum foreldraviðtalsdaga skólanna. *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Læsi og sjálfsstyrking:

- Kvikmyndasmiðjur fyrir 3. og 4. bekk. Klúbbur einu sinni í viku þar sem krakkarnir skrifa sitt eigið handrit af stuttmynd, sjá búninga, leik og annað sem viðkemur kvikmynd með aðstoð starfsmanns. – *Starfsmaður sérverkefna ásamt forstöðu- og aðstoðarmönnum.*

### Annað:

- Vetrarfrí – Hrekkjavaka Miðbergs. – *Deildarstjórar, forstöðu- og aðstoðarmaður*

## Nóvember:

### Lýðheilsa:

- Vinavika haldin á öllum starfsstöðum í tengslum við dag gegn einelti 8. nóvember. Þessa viku er aukin áhersla lögð á vináttu og samvinnu. Farið er í leiki sem tengjast vináttu og börnin



frædd um mikilvægi vináttu og góðsemi fyrir alla og skaðsemi eineltis í gegnum samræður og myndbönd. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

#### Foreldrasamstarf

- Jólaföndur og foreldrakaffi í lok nóvember. Foreldrum boðið að koma í Regnbogann og eiga notalega stund með börnum og starfsfólki við skemmtilegt jólaföndur og jólalegar veitingar. – *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmaður*

#### Foreldrasamstarf og læsi:

- Leiklistarhátíð 1. og 2. bekkjar. Leiklistarklúbbur Bakkasels fer af stað þar sem börnin setja upp leikritið Skilaboðaskjóðuna. Álfheimar, Bakkasel, Vínheimar og Vínasel bjóða svo foreldrum á leiksýninguna, sem verður í byrjun desember. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Desember:

#### Lýðræði

- Börnin skapa skemmtilega jóladagskrá í samstarfi við starfsfólk Regnbogans. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Janúar:

#### Foreldrasamstarf:

- Þorrvika þar sem gamlir siðir of venjur eru ræddir ásamt gömlum leikjum. Þorramatur smakkaður og ræddur munurinn á matnum í gamla daga og núna. 19. janúar verður svo pöbbum og/eða öfum boðið í létt þorrablót. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

### Febrúar

#### Foreldrasamstarf:

- Góan hefst í febrúar og af því tilefni bjóðum við mæðrum og ömmum í vöfflukaffi. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*
- Foreldrum boðið að koma í foreldraviðtal í kringum foreldraviðtalsdaga skólanna. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

#### Annað:

- Breiðhot Got Talent er árleg hæfileikakeppni frístundaheimilanna. Undankeppnin er haldin í Regnbogann og fer aðalkeppni svo fram í Breiðholtsskóla 9. febrúar. – *Starfsmaður sérverkefna ásamt forstöðu- og aðstoðarmönnum.*

### Mars

#### Foreldrasamstarf:

- Páskaföndur og foreldrakaffi. Kósý tími með léttum veitingum og föndri. – *Forstöðu- og aðstoðarmaður*



#### Foreldrasamstarf og læsi:

- Leiklistarhátíð 3. og 4. bekkjar. Leiklistarklúbbur Regnbogans fer af stað í byrjun febrúar þar sem börnin skrifa sitt eigið handrit að stuttu leikiriti og útfæra það ásamt starfsmönnum fyrir sviðið. Regnboginn, Bakkasel og Hraunheimar bjóða svo foreldrum sínum upp á leiksýningu. - *Forstöðu- og aðstoðarmaður*

#### Annað:

- Dagskrá sumarstarfs unnin þar sem unnið er með mimumandi þemavikur. Tekið er mið af árangri síðasta sumars. – *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn*

### Apríl

#### Foreldrasamstarf og læsi:

- Kvikmyndahátíðin Filman er haldin 18. apríl en það er uppskeran af kvikmyndaklúbbum 3. og 4. bekkjar sem hefur verið í gangi allan veturinn. Foreldrum boðið í bíó í Sambíóum Álfabakka að horfa á stuttmyndirnar ásamt verðlaunaafhendingu. – *Forstöðu- og aðstoðarmenn 3. og 4. bekkja*

### Mái

#### Foreldrasamstarf:

- Vorhátíð Bakkasels. Útileikir, hoppukastali og gott veður. Börn og foreldrar skemmta sér saman og sumarstarfið fær auka kynningu. - *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn*

#### Lýðheilsa:

Sameiginlegt Eurovision party er haldið fyrir börnin á frístundaheimilunum. Dans og söngur. – *Forstöðu- og aðstoðarmenn*

### Júní

#### Lýðheilsa:

Stórleikjadagur fyrir börnin í 1. og 2. bekk í Álfheimum, Bakkaseli, Vínheimum og Vínaseli og 3. og 4. bekk í Bakkaseli, Regnboganum og Hraunheimum. – *Forstöðu- og aðstoðarmenn*

#### Annað:

- Starfsdagar og öryggisverkferlar fyrir sumarstarfið. Þematengt sumarstarf. - *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn*
- Þematengt sumarstarf hefst. - *Deildarstjóri, forstöðu- og aðstoðarmenn.*

### Júlí

Sumarstarf og sumarfrí



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



MIDBERG

Bakkasei